

Kyn & kreppa – Má nýta kreppuna til aukins kynjajafnréttis?

Katrín Jakobsdóttir flutti opunarávarp ráðstefnunnar.

Katrín lagði áherslu á að skapa þyrfti störf fyrir konur jafnt sem karla. Hún vísaði til reynslu færeyinga en eftir efnahagskreppuna þar á 10. áratugnum voru aðallega sköpuð störf fyrir karla. Þætt hafði það í för með sér að konur snéri síður aftur til eyjanna að kreppunni lokinni. Afleiðingar þessa eru þær að konur eru talsvert færri en karla á Færeyjum

Með nýrri ríkisstjórn á Íslandi hefur hlutfall kvenna í hækkað í ráðherrastöðum. Áfram verði þó að vera á verði hvað þróunina varðar. Eftir síðustu sveitar- og bæjarstjórnakosningar voru til að mynda engar konur í þremur bæjarstjórnnum. Allir þurfi því að vera á vakt við það að tryggja kynjajafnrétti á öllum sviðum samfélagsins.

Tryggvi Hallgrímsson: Jafnréttisvaktin.

Tryggvi kynnti Jafnréttisvaktina en Tryggvi á sæti í þeirri nefnd. Það var Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, fyrrv. félags- og tryggingamálaráðherra, sem setti niður nefnd í mars 2009 sem hefur það hlutverk að fylgjast með gangi jafnréttismála í kjölfar bankahrunsins og kreppunnar sem þá skall á. Nefndin kallast *Jafnréttisvaktin* og mælir stöðu kynjanna í kreppunni.

Tryggvi lagði áherslu á mikilvægi jafnréttismála. Hann fór yfir þrjá meginþætti í erindi sínu:

- 1) Áhrif kreppunar á vinnumarkaðinn og hver munurinn þar væri milli kynjanna.
- 2) Áhrif kreppunnar á kynbundið ofbeldi.
- 3) Ábyrgð ríkisstjórnarinnar fyrir að taka mið af jafnréttissjónarmiðum í stefnumótun og aðgerum.

Þegar skoðuð eru áhrif kreppunnar á vinnumarkaðinn hefur komið í ljós að fleiri karlar hafa misst vinnuna en konur. Í mars 2008 voru fleiri karlar atvinnulausir en konur; þeir voru 10,3% á meðan 7,2% kvenna voru atvinnulausar. Í ágúst var atvinnuleysið orðið næstum eins milli kynjanna: 7,9% hjá körlum og 7,5% hjá konum. Munurinn á milli kynjanna skýrist af því að íslenski vinnumarkaðurinn er mjög kynbundinn.

Spár hljóða þannig að fyrir dyrum standa uppsagnir í hinum opinbera geira. Þar sem konur eru í meirihluta starfsmanna hjá hinu opinbera verða það fyrst og fremst konur sem missa vinnuna í þeim uppsögnum. Tryggvi taldi að ríkisstjórnin yrði að taka á þessu.

Atvinnumissirinn nú hefur verið meira áfall fyrir karla en konur. Þetta sést m.a. á því að karlar nýta sér ekki eins þau tækifæri sem bjóðast atvinnulausum, líkt og konur gera.

Karlar eru einnig tregari við að skipta um atvinnugrein en konur þegar leitað er að nýrri vinnu. Reynsla annarra landa sýnir þó að það eru einkum konur sem verða fyrir langtímaatvinnuleysi, eins og nú er að koma í ljós á Íslandi, þar sem atvinnuleysi karla er að minnka en ekki kvenna.

Hvað varðar kynbundið ofbeldi sýna allar fyrri rannsóknir að ofbeldi, þ.m.t. heimilisofbeldi, eykst á tímum efnahagskreppu. Enn sem komið er hefur ekki verið sýnt fram á þetta á Íslandi sem eina af afleiðingum kreppunnar. Aðstæður eru þó þannig að allt bendir til þess að sama þróun geti átt sér stað hér. Til dæmis eru húsnæðisúrræði fyrir konur sem lifa við ofbeldi af skornum skammti þessa dagana vegna lægðar á fasteignamarkaði. Þess vegna verða bæði ríki og sveitarfélög að styðja við úrræði til úrbóta fyrir þá sem búa við heimilisofbeldi.

Tryggvi benti á að ríkið væri ekki að nota þau úrræði sem eru fyrir hendi hvað varðar það er snýr að jafnrétti kynjanna. Hann taldi það stafa af skorti á áhuga og þekkingu í ráðuneytunum og síðan þyrfi meiri þrýsting á stjórnvöld en nú er fyrir hendi.

Það kom fram krafa um breytingar í samfélaginu eftir að kreppan skall á, breytingar á samfélagsgerðinni. Tryggvi tók fram að nauðsynlegt sé að þekkja markmiðin í jafnréttismálum til að geta stefnt að þeim.

Sigríður Snævarr: *Nýttu kraftinn*

Hugmyndin að „*Nýttu kraftinn*“ kviknaði í kjölfar bankahrunsins og þróuðu Sigríður Snævarr og María Björk Óskarsdóttir hugmyndina saman í nóvember 2008, í samstarfi við ýmsa sérfræðinga. Byggist hugmynd þeirra á því að nota þann tíma sem fólk er atvinnulaust í eitthvað jákvætt og uppbyggilegt.

Aldrei áður hefur Ísland upplifað annað eins atvinnuleysi. Sigríður lagði áherslu á að þar með þýddi ekki að gefast upp og leggja árar í bát; *Nýttu kraftinn* væri eitt dæmi um það að kreppuna megi nýta til að gera eitthvað jákvætt.

Í desember sl. var síðan gerð „prufukeyrsla“ á því prógrammi sem *Nýttu kraftinn* býður upp á. Í janúar og febrúar var verkefnið kynnt og leitað eftir samstarfsaðilum og styrkjum. Verkalýðsfélögin eru helstu samstarfsaðilar verkefnisins og styrkja sína félagsmenn til þátttöku. Í febrúar var farið af stað með fyrsta eiginlega hópinn og í september í ár fór sjöundi hópurinn af stað.

Það ferli sem farið er með fólkið, sem allt er atvinnulaust, í gegnum er jákvætt og uppbyggilegt. Það er vettvangur hvatningar og stuðnings fyrir þá fjölmörgu sem misst hafa atvinnu sína. Tilgangurinn er að hvetja viðkomandi aðila til að nýta tíma sinn og kraft á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og gera sig þannig samkeppnishæfari í atvinnuleytinni; að nýta tímann í eitthvað skapandi. Sigríður lagði áherslu á að það væri mikilvægt að láta sér líða vel og ekki síst þegar maður er í atvinnuleit því enginn vilji ráða til sín reitt fólk í vinnu.

Rauði þráðurinn í ferlinu er að ganga til hvers dags sem vinnudagur væri, því möguleikarnir á atvinnu liggja utan heimilis og því mikilvægt að koma sér út af heimilinu á hverjum degi. Markmiðið er að viðkomandi finni sér vinnu hið fyrsta eða setji sér skýr framtíðarmarkmið.

Notast er við mentor-kerfi þannig að hver og einn fær mentor úr atvinnulífinu. Þátttakendur eru hvattir til að sækja út á meðal fólks og láta alla vita um atvinnuleitina. Fólk tekur áhugasviðspróf til að opna hugann fyrir nýjum hugmyndum og tækifærum. Einnig fer fram markviss skráning af því í hvað tíminn er notaður og skráð sem jákvæð reynsla í ferilskrána.

Á hverju námskeiði hafa verið að meðaltali 15% karlar og 85% konur. Konurnar eiga auðveldara í atvinnuleysi því þær nota ýmis tilboð og úrræði betur en karlar. Frá því í febrúar hafa um 140 þátttakendur tekið þátt í *Nýttu kraftinn*. Einnig eru um 140 mentorar frá 90 vinnustöðum með skjólstæðinga sem hefur gengið mjög vel. Að minnsta kosti 35 aðilar úr atvinnulífinu hafa ýmist komið með innlegg og/eða setið fundina sem stuðningsfylltrúar.

Þeir þátttakendur sem hafa verið með í *Nýttu kraftinn* hafa bætt því við á ferilskrá sína. Mestu skiptir þó að upplifun þátttakendanna sjálfra sem hefur verið mjög jákvæð og hefur styrkt þá. Um 75% þeirra sem hafa tekið þátt hafa annað hvort fundið nýja vinnu eða markað sér ný framtíðaráform.

Gyða Margrét Pétursdóttir: *Kynskiptur vinnumarkaður*

Gyða Margrét sagði frá doktorsrannsókn sinni sem fjallar um vinnumenningu á Íslandi, kynjaskiptingu vinnumarkaðarins og heimilisábyrgð. Eigindlegum rannsóknaraðferðum var beitt og tekin voru viðtöl við 24 þátttakendur af hvoru kyni og þeir spurðir út í samræmingu fjölskyldulífs og atvinnu. Þessir 48 einstaklingar unnu á 15 ólíkum vinnustöðum. Það voru vinnustaðir Reykjavíkurborgar, hugbúnaðarfyrtæki, skyndibitastaðir, matvöruverslun og bensínstöð.

Í ljós kom að bæði á vinnustöðunum og á heimilunum ríkir kynjuð verkaskipting. Litið er á karla sem fyrirvinnur eða fyrirmyndarstarfsmenn og þannig upplifa karlar sig einnig þótt konur þeirra ynnu líka utan heimilis. Konurnar hugsuðu að mestu leyti um börnin. Niðurstöður Gyðu Margrétar voru þær að einstaklingar á Íslandi eru metnir eftir því hversu mikið þeir vinna utan heimilis. Viðhorfið er einnig það að karlar eigi ekki að þéna minna en konur þeirra. Þeir karlar sem það gerðu í rannsókninni töluðu niður til þeirrar vinnu sem konur þeirra unnu.

Þegar KRFÍ leitaði til Gyðu Margrétar í vor um að flytja erindi á ráðstefnunni var hún bjartsýn um framgang jafnréttismála og að kreppan væri tækifæri fyrir konur og karla að jafna með sér fjölskylduábyrgð en það er hún hinsvegar ekki lengur. Nú blasir við

niðurskurður í opinbera geiranum þar sem konur eru í meirihluta. Það stefnir í metár hvað varðar barneignir og karlar eru að finna vinnu í mun meira mæli en konur. Talað er um hefðbundin viðhorf sem vísa í gamla tímann þegar konur voru heima og sáu um börn og bú og karlar leituðu vinnu og/eða unnu utan heimilis.

Gyða Margrét hefur mikið velt fyrir sér hvernig hægt sé að ná fram kynjajafnrétti. Hún leggur sitt af mörkum sem rannsakandi og hefur kortlagt að ábyrgð karla sé mikil þar sem samfélagsleg völd þeirra gefa þeim forskot á opinbera sviði atvinnulífsins og einkasviði heimilisins. Það er því þeirra að afsala sér þeim forréttindum og berjast með konum fyrir jafnrétti kynjanna.

Kristín Pétursdóttir: *Uppbygging viðskipta með kvenlægum gildum*

Kristín fjallaði bæði almennt um menningu innan viðskiptalífsins og um hvað fyrirtæki hennar Auður Capital hefur gert öðruvísi en hefðbundin menning innan þessa geira gerði ráð fyrir.

Þegar litið er á kreppuna á Íslandi verður að líta á rætur efnahagskreppunar. Umhverfið fyrir kreppu gekk út á skammtímamarkmið- og árangur, skjótan gróða, mikinn gróða o.s.frv. Var kannski of mikið af testósteróni á Wall Street? Kristín telur svo vera; hópurinn sem þar starfaði var og einsleitur og einkenndist af karllægum áherslum og gildum.

Kristín telur að þetta sé að breytast og fleiri kvenlæg gildi séu að vinna sér brautargengi. Árangur verður að hafa mannlega og sjálfbæra skýrskotun. Það þarf að umturna menningu og gildum innan fyrirtækja. Þau gildi sem hafa verið allsráðandi hafa fælt konur frá og gildi þeirra hafa ekki einu sinni komist að.

En nú þegar karllæg gildi hafa sýnt að þau beri ekki endilega árangur, ættu kvenlæg gildi þá að taka við? Kristín vill samtvinna bæði gildin. Hún benti á að konur séu álitnar sá markaður sem er í hvað örustum vexti. Þær kaupa um 80% af allri þeirri vöru og þjónustu sem þarf til heimilisins. Þeir sem ekki taka þetta með í reikninginn eru að taka viðskiptalega áhættu.

Það þarf hugrekki til að breyta hlutunum. Félagskerfið hefur sterkar rætur. Þar sem konur hafa tækifæri til að breyta hlutunum er á viðskiptasviðinu; þær hafa mikil áhrif á það hvaða vörur og þjónusta er keypt og þar geta þær virkilega haft áhrif: *Power of the purse*.

Carita Peltonen: *Kyn og kreppa – áskoranir fyrir jafnréttisstefnu stjórnvalda*

Carita sagði frá norrænni hnattvæðingarskýrslunni: *Global press – nordiska lösningar - Nordisk globaliseringsbarometer 2009* þar sem tilgreind eru svið sem norræn samvinna

getur haft veruleg áhrif, bæði á Norðurlöndunum sem og á alþjóðavettvangi. Þetta er í annað sinn sem skýrslan kom út; fyrst kom hún út árið 2008 þar sem kafla um jafnrétti kynjanna var að finna og var talið tilheyrja eitt af þeim sviðum sem Norðurlöndin gætu verið leiðandi í á alþjóðavettvangi.

Í 2009-skýrslunni er jafnrétti kynjanna hinsvegar horfið sem það svið þar sem Norðurlöndin gætu verið í fararbroddi. Í skýrslunni árið 2008 bar bent á að Norðurlöndunum hefði tekist að styrkja stöðu sína varðandi jafnrétti kynjanna þó þau væri þá þegar í toppsætunum á *Gender Gap Index* („kynjabilsvarðanum“): Noregur var í efsta sæti og Svíþjóð, Finnland og Ísland röðuðu sér í sætunum þar á eftir og síðan kom Danmörk í 7. sæti. Kvarðinn sýnir þróunina á fjórum sviðum: í þátttöku í atvinnulífínu, stjórnálalegum áhrifum, aðgangi að fjármagni, menntun og heilbrigðisþjónustu og velferð.

Í annarri skýrslu: *Norden som en global vinderregion* frá árinu 2006 segir að norræna velferðarmódelið einkennist af greinilegri alheimshyggju, meðvitaðri útskúfun einkarekinna velferðarstofnana og tilhneigingu til að ríkið taki yfir verkefni sem samkvæmt venju hafa hvílt á fjölskyldum. Þetta hefur m.a. aukið möguleika kvenna á þátttöku í félags- og atvinnulífi.

Jafnréttisstefna Norðurlandanna hefur einnig leitt til þess að bæði körlum og konum er mögulegt að taka þátt í atvinnulífi og að fjölskyldum með börn hefur verið gert mögulegt að samræma vinnu og fjölskyldulíf. Norræn janréttisstefna er ein af hornsteinum hinnar Norrænu velferðar og hárrar fæðingartíðni og gerir öllum mögulegt að taka þátt í atvinnulífínu og stjórnálum.

Efnhagskreppa 10. áratugarins hjá Finnum gerði það að verkum að atvinnuleysi jókst gífurlega, var 17% árið 1994. Rannsóknir sýna að þeir sem töpuðu mest á ástandinu voru langtímaatvinnulausir. Niðurstöður rannsókna um afleiðingar þessa tíma gefa til kynna að byrja þurfi á að virkja fólk þegar í upphafi atvinnuleysis því það gefi mesta möguleika á því að komast aftur inn á vinnumarkaðinn.

Í upphafi skall bankakreppan í Finnlandi harðar á körlum en konum. Kreppan bitnaði aftur harðar á konum seinna vegna niðurskurðar hins opinbera sem leiddi til fækkunar starfa á opinberum vinnustöðum, t.d. spítölum, skólum, dagheimilum, o.s.frv. Einnig voru konur í meirihluta þeirra sem unnu í bankageiranum og misstu þær vinnu í umvörpum. Í dag er kreppan í Finnlandi öðruvísi. Bankakerfið er ekki í kreppu og heimilin eru ekki skuldsett. Hinsvegar er mikill samdráttur í iðnaði þar sem karlar hafa einkum misst vinnuna. Finnska stjórnin hefur því ákveðið að taka 13 milljarða evru lán til að tryggja endurreisn finnska efnahagskerfisins í stað þess að skera niður samfélagskostnað eins og gert var á 10. áratugnum.

Í samantekt *World Economic Forum*, sem gefur m.a. út *Gender Gap Index*, er bent á að efnahagskreppan eykur þörfina fyrir jafnrétti kynjanna. Þar segir að fleiri konur þurfi að komast í áhrifastöður í stjórnkerfinu og hjá fjármálastofnunum, ekki aðeins til að finna

lausnir á núverandi efnahagsvanda heldur einnig til að koma í veg fyrir kreppur í framtíðinni.

Í dag þegar efnahagskreppan herjar á heiminn er jafnréttisbaráttan í vanda. Jafnréttismálum er alltaf ýtt til hliðar eða gefið minna vægi þegar lönd eiga í kreppu. Carita Peltonen gefur dæmi um þetta (sem allt eins hefði getað gerst í dag á Íslandi): “Kona nokkur spurði á stéttarfélagsfundi í lok 10. áratugarins í Finnlandi hvað gera ætti varðandi hækkun launa í láglaunastörfum, sem konur mestmegnis gegna. Talskona verkalýðshreyfingarinnar svaraði því við að “á þessum erfileikatímum væri ekkert svigrúm til að einstakir hópar fengu sérmeðferð”. Að mati Peltonen er þetta dæmigert svar sem fæst á tímum kreppu. Annað dæmi er það sem Carita vék að í upphafi: Hnattvæðingarskýrsla Ráðherraráðs Norðurlandaráðs frá árinu 2009, sem minntist ekkert á að jafnrétti kynjanna gæti gefið fjárhagslegan ávinning eins og kom fram í skýrslunni árinu áður; einungis voru umhverfis- og orkumál nefnd. Sýnt hefur verið fram á fjárhagslegan ávinning af jafnrétti kynjanna, m.a. í greiningarskýrslunni *Nýsköpun og margbreytileiki* sem danska vísinda-, tækni- og þróunarráðuneytið gaf út árið 2007. Greiningin sýnir að að ef þátttaka kvenna í fyrirtækjum eða samtökum er aukin að þá eykst nýsköpun í starfseminni um 110%. Í ljós kom að af öllum breytunum sem skoðaðar voru (t.d. menntun, þjóernisuppruni, o.s.frv.) munaði mestu um kynið.

Samkvæmt *Gender Gap Index* frá 2008, hafa Norðurlöndin smám saman náð 80% hlut kvenna á við karla, þegar metin er þátttaka þeirra í atvinnulífinu, pólitísk áhrif, aðgangur að fjármagni, menntun, heilbrigðis- og velmegunarkerfi. Þetta samsvarar einnig þeim kynbundna launamun sem verið hefur á Norðurlöndunum síðustu 30 ár. Þegar skoðað er hvernig jafnréttisbaráttan á Norðurlöndum hefur þróast frá 8. áratugnum og áfram, er ljóst að það er kvannahreyfingin og konur á Norðurlöndum sem hafa séð um þróun jafnréttismála í hverju landi fyrir sig. Konurnar hafa mótað það hvernig jafnréttismálum skuli háttað og jafnvel hvað karlar skulii gera út frá jafnréttissjónarmiði. Samstarfsáætlun Ráðherraráðs Norðurlandaráðs til 2010 heitir enda *Með áherslu á kyn er takmarkið jafnréttissamfélag*. Norrænu ráðherrarnir vildu hafa kynið í brennidepli svo bæði konur og karlar á Norðurlöndum hafi kyn sitt að útgangspunkti. Stærsta áskorunin í dag er að karlar taki þátt í jafnréttisbaráttunni og þróun jafnréttismála.

Norðurlöndin hafa tekið stór skref fram á við á mörgum sviðum. Ísland hefur oft verið í fararbroddi, sem dæmi má nefna: Vigdís Finnbogadóttir, fyrsta konan sem kosin var forseti, lög um fæðingar- og foreldraorlof, sem eru þau róttækustu í heiminum í dag. Þau gefa föðurnum rétt til 3 mánaða fæðingarorlofs og sá réttur er ekki framseljanlegur til móðurinnar. Þetta hefur leitt til þess að yfir 90% íslenskra fedra nota rétt sinn. Noregur er sér á báti með lög um kynjakvóta í stjórnnum hlutafélaga. Í ríkisstjórn Finnlands eru fleiri konur en í nokkru öðru landi í heiminum. Jafnréttisbaráttan í Danmörku hefur í seinni tíð beinst að ungu fólki, lögð er áhersla á að yngri kynslóðir ræði kynjajafnrétti á leikskólum og í skólum. Svíar leggja mikla áherslu á ofbeldi gegn konum og börnum og núverandi ríkisstjórn tífaldaði fjárframlög til jafnréttismála.

Til að komast áfram í jafnréttisbaráttunni og skapa jafnréttisþjóðfélag verða allir að taka fullan þátt í mótun og framkvæmd jafnréttisstefnu. Okkur verður ekkert ágengt ef ekki

bæði konur og karlar taka ábyrgð á því að móta og framfylgja jafnréttisstefnu. Tvö álitamál sem vekja upp miklar tilfinningar og æstar rökræður eru fæðingar- og foreldraorlof og kynjakvóti. Í umræðunni um fjölskyldumál eru ein af aðalrökunum þau að konur eigi að vera heima með börnin af því að þær hafi þau á brjósti og umræðan um kynjakvóta beinist að því að ekki eigi einungis að velja konur af því að þær eru konur. Eftir bakslag í þingkosningum á 10. áratugnum, sögðu rauðsokkurnar í Svíþjóð að konur vildu full laun og helming valda. Þær kröfðust þess að stjórnmalaflokkarnir gripu til aðgerða vegna þess hve konur ættu þar erfitt uppdráttar, annars myndu þær stofna kvennalista. Til að konur fái helmingsvöld verða bæði konur og karlar að taka á sig ný verkefni og afsala sér hluta þeirra valda sem þau hafa í dag. Í dag hafa konurnar völdin á heimilunum og mennirnir í stjórnmalunum og atvinnulífinu. Til að við getum breytt þessu þurfa konur að gefa körlum svigrúm til að taka meiri þátt í ummönnun og karlar þurfa að deila völdum með konum.

Ruth Sunderland, viðskiptaritstjóri hjá *The Observer* skrifaði í janúar í ár grein um efnahagskreppuna. Hún byrjar með spurningunni: Ef *Lehman Brothers* hefðu verið „Lehman Sisters“, og rekið af konum í stað karla, hefði lausafjárþurrðin þá átt sér stað? Sunderland skrifar að kreppan muni koma til með að bitna harðar á konum í Englandi af því hún bitni á smásöluverslun og þjónustugeiranum. Fyrri kreppan í Englandi á 9. áratugnum bitnaði frekar á körlum en konum þar sem hún hafði mest áhrif í iðnaði og flestar konur unnu fyrir hið opinbera. Í greininni segir að það sem þurfi í dag sé betri blanda á öllum sviðum, fleira fólk úr mismunandi stéttum og af mismunandi þjóðernisuppruna- það snúist ekki bara um kyn. Að þessari niðurstöðu er einnig komist í Norrænu greiningarskýrslunni *Nýsköpun og margbreytileiki*.

Það sem veldur því að jafnréttið tekur mörg skref fram á við eru atburðir sem verða til þess að ofbjóða konum jafnt sem körlum. Ísland upplifði þetta í byrjun ársins þegar fólk fór út að mótmæla af því það var óánægt með stefnu forsætisráðherra. Það leiddi til þess að ríkisstjórnin sagði af sér, það var kosið að nýju og hlutur kvenna á þingi jókst úr 31,7 % í 42 % . Og nýja ríkisstjórnin, undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrstu konunnar til að verða forsætisráðherra, hefði jafnt hlutfall karla og kvenna í ráðherrastólum.

Í Finnlandi vakti viðtal við Esko Kiesi, sölustjóra bílaframleiðandans Audi, í byrjum september líflega umræðu um jafnréttismál. Kiesi líkti konum við bíla og sló því föstu að kona gæti ekki orðið yfirmaður vegna tilfinningaræmi. Það leið einn dagur og Kiesi sagði upp starfi sínu. Orð hans höfðu líka fjárhagsleg áfhrif á Audi umboðið. Margar konur sem tekið höfðu Audi bíla á þjónustuleigu, sögðu upp samningnum og kom það sér illa því margir kvenkyns yfirmenn í Finnlandi hafa notað Audi sem vinnubíl. Forstjóri fyrirtækisins, Pekka Lahti, sagði uppákomuna og umræðuna í kringum hana hafa skaðað fyrirtækið.

Í byrjun aldarinnar upphófust miklar umræður um auglýsingar um kaup á vændi og kröfur um að það ætti ekki að birta þær í blöðum. Aðalritstjóri *Helsingin Sanomat* tjáði sig um málið og sagði „það gildir einu hvort auglýst er vændi til sölu eða mjólk“. Konur settu tölvupóstsherferð í gang og hvöttu allar konur til að segja upp áskrift að blaðinu. Eftir nokkra daga baðst aðalritstjórinn afsökunar á ummælum sínum og tilkynnti að

blaðið tæki ekki við auglýsingum um kaup á vændi. Þetta varð til þess að engin blöð auglýsa kynlífsþjónustu í Finnlandi í dag.

Þessi tegund borgaralegrar samstöðu þegar bæði konum og körlum er misboðið, vegna einhverra yfirlýsinga eða pólitískra ákvarðana, verður oft til þess að jafnrétti tekur mörg skref fram á við og augu karla og kvenna opnast fyrir óréttlæti í samfélaginu. Á sama hátt geta einhliða yfirlýsingar um jafnréttismál orðið til þess að jafnrétti verði ekki tekið alvarlega og er álitíð vera eingöngu mál kvenna.

Kvennahreyfingar og frjáls félagasamtök gegna veigamiklu hlutverki við skipulagningu borgaralegra aðgerða og í opinberri umræðu. Hlutverk þeirra er að leiða umræðuna áfram og til að fá stjórnámamenn til að taka stjórn málaákvæðanir sem gagnast bæði konum og körlum. Kvennahreyfingin og frjáls félagasamtök hafa alltaf gegnt mikilvægu hlutverki fyrir þróun jafnréttismála á Norðurlöndum. Samtökin virka eins og varðhundur og gera kröfur til stjórnámamanna um nýjar ákvæðanir og á rannsakendur um að koma með ný gögn og staðreyndir sem sýna hvernig körlum og konum er mismunað í þjóðfélaginu.

Ofangreind dæmi sýna að konur setta sig ekki lengur við hvers kyns meðferð og að taka eigi skoðanir kvenna alvarlega. Konur verða að sjá til þess að vera ekki bara notaðar til þess að hreinsa til eftir kreppur og hamfarir. Áskoranir framtíðarinnar í jafnréttismálum eru að tryggja að bæði konur og karlar komi jafnt að allri ákvæðanatöku, jafnt hlutfall karla og kvenna í ríkisstjórnum landanna og stjórnum fyrirtækja. Með þeim hætti er tryggður fjölbreytileiki í ákvæðanatöku og að konur og karlar deili völdum, umönnun og fjármagni.

Vinnuhópar:

Vinnuhópur 1: Kreppan gefur körlum séns: Þátttaka verkalýðshreyfinganna – leiðir til aukins kynjajafnréttis. Stjórnad af Maríönnu Traustadóttur.

Maríanna Traustadóttir kynnti erlendum gestum fyrir ASÍ og greindi frá hvernig atvinnuþátttöku á Íslandi væri háttad. Hún fór yfir hver væri helsti munur verkalýðssamtaka á borð við ASÍ væri á Íslandi og hinum Norðurlöndunum: Á Íslandi eru ekki einungis ríkisstarfsmenn sem eru félagar í ASÍ eins og í systursamtökunum á Norðurlöndunum (LO). Einnig er ASÍ mun stærri samtök. Það er nokkur munur á kynjaskiptingu meðlima ASÍ, eða 45% konur og 55% karlar. Munurinn var mun minni áður en byggngarbransinn þandist út en eftir að það gerðist fjölgaði að sama skapi körlum innan Alþýðusambandsins. ASÍ semur ekki um laun fyrir hönd félaganna eins og LO gera á hinum Norðurlöndunum.

Jafnréttismál í verkalýðshreyfingunni snúa að vinnu við að samræma atvinnuþátttöku og fjölskyldulíf og að vinna að löggjöf um fæðingar- og foreldraorlof.

ASÍ hófu jafnréttisstarf að eigin frumkvæði og árið 2005 var byrjað á sérstökum aðgerðum í jafnréttismálum innan hreyfingarinnar og innan verkalýðshreyfingarinnar almennt. Frá árinu 2006 hefur verið birt svokallað kynjabókhald þar sem kyngreindar upplýsingar um starfsemina er kynnt. Jafnvel þótt þessi birting breyti engu um kynjahlutföllin telur Maríanna þetta mikilvæga útgáfu sem upplýsingartímarit..

Maríanna kynnti einnig hinn kynskipta vinnumarkað á Íslandi sem gefur til kynna að konur eru að mennta sig í miklu meira mæli en karlar og er t.d. nú í meirihluta þeirra sem starfa sem háskólamenntaðir sérfræðingar á vinnumarkaði (konur 51% og karlar 49%). Karlar eru aftur komnir í meirihluta ófaglærða, þar sem konur voru áður fyrr í meirihluta.

Nýjar tölur um launamun gefa til kynna að munurinn í launum opinberra starfsmanna er hærrí en á almennum vinnumarkaði, auk þess sem launamunurinn dregst ekki jafn mikið saman og á almennum markaði. Hjá stéttarfélaginu SFR var launamunur árið 2008 18,3% og 12,7% árið 2009. Á almennum vinnumarkaði meðal félaga VR var kynbundinn launamunur mældur 12,3% árið 2008 en 10,1% árið 2009.

Stór hluti skýringar á launamun er launaleynd. Einnig eiga þar þátt hlutir eins og kynbundið starfsval, menntun, ólaunuð vinna og fjölskylduábyrgð og menning og hefðir sem tekur tíma að breyta.

Í launasamningunum árið 2008 voru settar inn sérstakar framkvæmdaáætlanir sem miða að því að jafna rétt kynjanna. Eitt af því sem verið er að vinna að er að hanna vottunarkerfi sem hægt er taka í notkun bæði á opinberum vinnustöðum sem og á almennum vinnumarkaði. 15-18 manns vinna nú að þessu vottunarkerfi þar sem vinnuneitenda er ætlað að geta vottað um það að á hans vinnustað sé launajafnrétti ríkjandi. Kerfið á að taka tillit til þess að launauppbygging tekur einnig mið af hæfileikum starfsmanna sem oftast en ekki er gefin upp sem ástæða mishárri launa fyrir svipuð störf. Unnið er með Hagstofu Íslands sem veitir kynskiptar upplýsingar þannig að hægt að greina mögulegan launamun í þeim gögnum.

Samkvæmt jafnréttislögunum skulu þau fyrirtæki sem hafa 25 eða fleiri starfsmenn í vinnu hafa jafnréttisáætlun fyrir fyrirtækið/stofnunina. Samkvæmt upplýsingum Maríönnu eru um þriðjungur einkafyrirtækja með slíka áætlun.

Maríanna telur að jafnréttismálin hafi verið sett til hliðar eftir að kreppan skall á. Hún setur fram nokkrar spurningar: Getur eða á ASÍ að vera meira afgerandi í jafnréttismálum? Er verkalýðshreyfingin á Íslands stærst karlasamtök á landinu? Hverju á að breyta: menningunni? Að mati Maríönnu er verkalýðshreyfingin mjög karllæg hreyfing.

Yfirskrift vinnuhópsins: Gefur kreppan gefi körlum „séns“? Vísar til þess að nú er stór hópur karla atvinnulausir og mætti nota þann tíma til að virkja þá í aukna ábyrgð á vinnu heimilisins og við umönnun barna. Maríanna telur erfitt fyrir verkalýðshreyfinguna að ætla að blanda sér í t.d. verkaskiptingu á heimilinu. Verkalýðshreyfingin býður upp á

námskeið fyrir atvinnulausa sem aðallega eru sótt af konum. Hvernig er hægt að ná til karlanna? Eitt hlutverk verkalýðshreyfingarinnar er að reyna að ná til grasrótarinnar.

Marianna benti á að Vinnumálastofnun vinnur að því að fá karla til að taka meiri þátt í heimilislífinu. Það er hinsvegar erfitt að breyta hefðum og venjum í einum veffangi og að hefðbundinni verkaskiptingu sé oft viðhaldið á öllum vígstöðum, bæði inn á heimilum og innan verkalýðsfélaganna sjálfra með því t.d. að bjóða atvinnulausum konum á handavinnunámskeið og atvinnulausum körlum í endurmenntun! Laun karlanna hafa að undanfögnu farið lækandi því þeir hafa misst allar aukagreiðslur. Margir sem vinna að því að minnka kynbundinn launamun segja að það sé gott því erfiðara sé að hækka laun kvenna til að loka gatinu. Lausnin felist því kannski í því að lækka laun karlanna, eins og „óvart“ er að gerast nú. Vilji er hinsvegar ekki fyrir hendi innan verkalýðshreyfingarinnar um að gera þetta kerfisbundið (kannski vegna þess að eins og Marianna segir; þetta eru karllæg samtök!).

Það sem ASÍ leggur mesta áherslu á er menntun félaganna og Alþýðusambandið hefur lagt mikla fjármuni í að mennta ófaglærða féлага. Atvinnurekendur eiga nú að borga 0,15% af útgreiddum launum í menntunsarsjóð sem notaður er til endurmenntunar féлага.

Upplýsingar og menntun frá verkalýðshreyfingunni til ungra féлага er eitt af því miklivægasta sem ASÍ tekur sér fyrir hendur, ásamt umræðu um vinnutíma, að mati Mariönnu

(Kvenréttindafélag Íslands telur að þótt verkalýðshreyfingin telji erfitt að fá karla á námskeið hjá sér eða geti átt þátt í því að breyta siðum og venjum þannig að kynbundin verkaskipting t.d. inn á heimilum breytist, megi benda á að verkalýðshreyfingin vann að því um árið að koma á því fæðingarorlofi sem nú stendur nýbökudum foreldrum til boða og hefur breytt viðhorfum og menningu hvað varðar umönnun ungabarna gífurlega. Á sama hátt gæti verkalýðshreyfingin haft aðkomu að því að breyta venjum er varða verkaskiptingu á heimilinu með óbeinum hætti. Hvernig nákvæmlega ætti að ná þeirri breytingu fram hefur KRFÍ ekki á reiðum höndum en félagið vill gjarna vinna að frekari hugmyndum með verkalýðshreyfingunni.)

Vinnuhópur 2: Hugmyndasmiðja: Hvernig má nýta kreppuna til aukins kynjajafnréttis? Stjórnarð af Silju Báru Ómarsdóttur.

Í fyrstu fengu allir þátttakendur tækifæri til að koma sínum hugmyndum um svör við spurningunni á framfæri. Þar var einnig lögð áhersla á að kreppan hefði mismunandi áhrif á konur og karla; karlar væru t.d. í meirihluta þeirra sem misst hefðu vinnu. Niðurskurður í ríkisrekstri hefði aftur meiri áhrif á konur þar sem þær eru bæði í meirihluta þeirra sem ynnu hjá hinu opinbera og einnig meirihluti þeirra sem notuðu opinbera þjónustu.

Lögð var áhersla á að vernda þyrfti þjónustu- heilbrigðis- og menntunargeirann þar sem konur eru fjölmennar. Bent var á hættuna á örorku hjá konum, að þær færu aftur inn á

heimilin með tilvísun í „hin gömlu góðu gildi“ (hverjir njóta góðs af því?) og að leggja þurfi meiri áherslu á mennsku frekar en vinnu hjá fólki.

Möguleika er að finna í innkaupum (*power of the purse*) og viðskiptasamböndum kvenna í milli og að nota þá kosti sem fylgja því að vera lítill í viðskiptum.

Bent var á að laga-og réttarkerfið viðhaldi einungis valdastrúkturinum eins og hann er og að hann sé óskilvirkur fyrir konur og minnihlutahópa (ineffective). CEDAW-sáttmálinn hafi t.d. hvergi í heiminum verið tekinn í noktun. Þjóða þurfi núverandi kerfi byrginn!

Og áfram var haldið með hugmyndirnar, hver punktur merkir hugmyndir einstakra kvenna:

- Hafna þarf ofgnóttar-neysluhyggju og konur þurfa að taka höndum saman, mynda systralag, starfa saman, kjósa konur, o.s.frv. Konur hafa aðra sýn á heiminum en karlar.
- Nota sveitastjórnarkosningarnar næstu til að komast í framlínu.
- Nota „power of the purse“, getur haft mikið að segja.
- Konur þurfa að skiptast á reynslusögum og segja frá því hvað þær hafa gert vel og rétt og hvar þeim hefur mistekist.
- Það þarf að fá karlmenn með í jafnréttisbaráttuna því konur ná ekki meiri árangri en hingað til ef karlarnir eru ekki með og taka konur alvarlega.
- Konur þurfa að nýta reynslu sér til hagsbóta.
- Konur þurfa að sýna styrk og sýna fram á að aðrar leiðir en þær hefðbundnu geta leitt til góðrar stöðu í fjármálum; þær þurfa að hafa önnur gildi í lífinu.
- Kreppan hefur leitt það í ljós að testosterónið var gallað. Það þarf að greina á milli hvað ríkið getur gert annarsvegar og hvað konur geti gert hinsvegar. Við verðum að hætta að hugsa um konur og jafnrétti eftir flokkslínunum. Konur verða að standa saman þvert á pólitíska flokka.
- Forgangröðunin ætti að vera skýr: Leggja þarf áherslu á heilsugæslu og neyðarmóttöku kvenna. Einnig þarf að halda fundi og samkomur, jafnvel fara út á götur og láta til taka í veskinu (hvar peningar eru notaðir), höfðinu (leggja höfuðið saman í bleyti) og samstöðu. Sýna samstöðuna. Vera róttækar!
- Leggja þarf áherslu á réttindi kvenna og nauðsyn er á að breyta – ef ekki binda á enda á – valdastrúktúrinn eins og hann er í samfélaginu; þar eru femínistar útskúfaðir og útilokaðir. Einnig þurfa öll ríki að innleiða CEDAW-sáttmálann og Peking-framkvæmdaáætlunina (Beijing Platform for Action – Bpfa). Nota þarf nýjar hagfræðikenningar sem mæla (hag)vöx á annan hátt en nú er gert. Einnig var bent á að ýmis góð lög eru fyrir hendi sem ekki eru notuð eða þekkt, t.d. á sviði ofbeldis og samþættingar kynjasjónarmiða. Þessi lög eru til staðar en ekki notuð og valdadreifing er heldur ekki framkvæmd.
- Nú þegar karlar eru í meirihluta þeirra sem eru atvinnulausir ætti að vera lag fyrir að minnka launamun. Hægt er að minnka vinnutíma og bæta fjölskyldusambönd. Ef karlar síðan leggja sitt af mörkum til ólaunaðrar vinnu getur það átt sinn þátt í því að viðurkenna og auka virðingu slíkar vinnu og til aukningu á framleiðni. Einnig væri hægt að borga meira í skatta í stað þess að fá laun lækkuð þannig

drægi úr skiptingunni á opinberum og frjálsum vinnumarkaði sem hefur neikvæð áhrif fyrir konur. Vandinn við að ætla kaupmætti kvenna að breyta einhverju er sá að konur eru yfirleitt mun fátækari en karlar og kannski ekki í raun úr miklu að móða. Konur verða að taka ábyrgð á sínum þætti við að leysa kreppuna. Konur verða að geta sannfært karla að þeim liggi eitthvað á hjarta og heldur að nota sterk orð fremur en mörg orð.

- Konur þurfa að vera kröfuharðari – þær eru of undirgefnar. Kaupmáttur kvenna til breytinga er ofmetinn. Kvenleg gildi eru undirgefni en feminístísk gildi eru styrkur. Varðandi samstarf stjórnámálflokka að þá eru of mörg ágreiningsmál.
- Hið karllæga valdakerfi hefur skaðað konur og því þarf að fá karla með inn í jafnréttisstarf. Karlar þurfa einnig að finna fyrir sama skaða og konur hafa gert. Það þarf að nota andrúmsloftið sem einkennir samfélagið nú, þ.e. vantraustið og nota það til að véfengja vald karlanna.
- Konur þurfa að láta heyra í sér og gera það sameinaðar.

Þetta var tekið saman í eftirfarandi punkta:

- 1) Konur þurfa að vinna saman þvert á hópa, t.d. stjórnámálflokka, og sýna samstöðu.
- 2) Konur þurfa að véfengja ríkjandi skipan samfélagsins og veita henni viðnám.
- 3) Huga að orðsþori jafnréttis og ímynd og styrkja jafnrétti kynjanna með auglýsingum.
- 4) Huga þarf að skipulagi því án góðs skipulags líður málstaðurinn fyrir það.
- 5) Nota þau lög sem eru/hrinda lögum í framkvæmd. Einnig þarf skýr skilaboð frá þeim sem eru á toppi samfélagsins.
- 6) Gera körlum grein fyrir að jafnrétti kynjanna þýðir að þeir verða að láta eftir vald til handa konum; karlar hættu að vinna að jafnrétti þegar þeir gerðu sér grein fyrir því að þeir myndu missa völd á því.
- 7) Láta sig standa á sama um það hvað körlum og öðrum finnst um þig; það er gott að tapa orðstýr sínum. Það virðist vera sem svo að konur séu fæddar til að geðjast körlum en við verðum að gefa skít í það!

Þáttakendum var því næst skipt niður í 3 vinnuhópa sem hver um sig höfðu sitt þema sem mynduð voru út frá þeim hugmyndum sem fram komu í byrjun.

1) Hópur 1 fjallaði um stjórnámál og valdastrúktúra. Þar var lagt áherslu á að konur kysu konur og styddu konur þrátt fyrir að vera ósammmála þeim; að þrýsta á konur sem nú þegar eru í valdastöðum á sviði efnahags- og stjórnamála að sýna systralag, og berjast fyrir femínískum sjónarmiðum á þessum sviðum.

2) Hópur 2 fjallaði efnahagsmál þar sem fjallað var um „power of the purse“ og ríkisfjármál, sem nú þykja ekki taka mið af báðum kynjum; fjallað var um skilvirkni og markvirkni efnahagsmála og hvernig jafnræði er útilokað og hvernig það hefur áhrif á konur annars vegar og karla hinsvegar.

3) Hópur 3 tók á launaðri og ólaunaðri vinnu og fjölskyldugildum.

Þeir möguleikar sem felast því í kreppunni eru efling systralagsins og femínískra gilda; nota kosningar til að kjósa konur til valda og að hafa viðskipti við fyrirtæki sem fylgja kvenlægum og femínískum gildum; að fá karla með í baráttuna og að breyta gildum og verðmætamati samfélagsins með því að undirstrika að hagvöxtur og annar fjárhagslegur vöxtur sé ekki eini vöxturinn sem skipti máli. Hafa áhrif á það að fjármagn til verkefna kvenna, t.d. féлага er láta sig kvenréttindi og konur varða, verði ekki skorið niður og fyrst og fremst vera róttækur og krefjast breytinga.

Vegna ímyndunarvandamáls jafnréttisbaráttunnar væri betra að nota ný hugtök, t.d. í stað jafnréttis kynjanna að tala um **mannauðsmál**. Auglýsingar eru ekki notaðar fyrir málstaðinn og því ætti að breyta auk þess sem nota þarf smæð samfélagsins og allrar þeirrar sérþekkingar sem völ er á: „If you're a pro, it's difficult to say no!“